

## Minnisblað um opnunartíma sundlauga á „rauðum dögum“ 2024

Í ljósi gagnrýni gesta og starfsmanna á útfærslu á opnunartíma sundlauga jólin 2023 var ákveðið að endurskoða núverandi áætlun um opnunartíma á rauðum dögum 2024, með það að markmiði að finna leiðir til að ná rekstrarmarkmiðum með útfærslu sem myndi svara þeirri gagnrýni og vera til bóta.

Opnun **2023** var með eftirfarandi hætti :

Opnunardagur sundlauga	Árbær	Dalslaug	Breiðholt	Grafarvogur	Laugardalur	Vesturbær	Sundhöll
Skírdagur			11:00-18:00		08:00-22:00	11:00-18:00	
Föstudagurinn langi		11:00-18:00			10:00-18:00		11:00-18:00
Páskadagur				11:00-18:00	10:00-18:00	11:00-18:00	
Annar í páskum	11:00-18:00				08:00-22:00		11:00-18:00
Sumardagurinn fyrsti			11:00-18:00		08:00-22:00	11:00-18:00	
Verkalýðsdagurinn		11:00-18:00			08:00-22:00		11:00-18:00
Uppstigningardagur				11:00-18:00	08:00-22:00	11:00-18:00	
Hvítasunnudagur	11:00-18:00				08:00-22:00		11:00-18:00
Annar í hvítasunnu			11:00-18:00		08:00-22:00	11:00-18:00	
Þjóðhátíðardagurinn		11:00-18:00			08:00-22:00		11:00-18:00
Frídagur Verslunarmanna				11:00-18:00	08:00-22:00	11:00-18:00	
Porláksmessa	06:30-18:00				06:30-18:00		06:30-18:00
Aðfangadagur jóla			09:00-13:00		08:00-13:00	09:00-13:00	
Jóladagur	Lokað						
Annar í jólum		12:00-17:00			12:00-18:00	12:00-17:00	
Gamlársdagur				09:00-13:00	08:00-13:00		09:00-13:00
Nýársdagur 2024	12:00-17:00				12:00-18:00		12:00-17:00

Sú gagnrýni sem kom fram laut fyrst og fremst að því að margar laugar voru lokaðar á sama tíma. Afleiðing þessa var að á þeim dögum sem lokað var í 4 laugum af 7, varð eftirspurn í hinar 3 oft og tíðum langt umfram þolmörk lauganna. Þegar svo er þarf í raun að kalla út aukamannskap þar sem fjöldi gesta myndar þrýsting á öryggiseftirlit, gæði vatns, hreinlæti og fleira. Einnig var verið að hleypa fólki inn þó engir búningsklefar væru lausir sem olli óánægju viðskiptavina. Ef kalla þarf út aukamannskap er hagræðing af lokun í öðrum laugum fljót að étast upp. Þessir dagar geta valdið mikilli streitu hjá starfsfólki sem leiðir af sér óánægju og minni vilja til að vinna á þessum dögum.

Skoðaðar voru aðsóknartölur frá 2020 fyrir allar laugar á öllum rauðum dögum. Reiknuð voru áhrif af breytingu á lokun lauga og opnunartíma út frá starfsmannaþörf.

### Aðsóknartölur jól og páska samtals árin 2020 – 2023\*

Starfsstaður	Skírdagur 2020 - 2023	Föstud. langi 2020 - 2023	Páskadagur 2020-2023	2. í Páskum 2020 - 2023	Porláksmessa 2020 - 2023	Aðfangadagur 2020 - 2023	Annar í jólum 2020 - 2023	Gamlársdagur 2020 - 2023	Nýársdagur 2020 - 2023
Árbæjarlaug	602	599	454	2312	1677	1240	1456	859	604
Breiðholtslaug	955	303	319	783	984	1400	836	617	417
Dalslaug	357	876	393	669	300	567	1395	295	287
Grafarvogslaug	614	417	1168	968	956	1170	1120	1161	599
Laugardalslaug	3279	1886	1989	4597	2604	3344	3600	2362	3745
Sundhöll	810	1360	492	2050	1924	1907	1537	1572	2245
Vesturbæjarlaug	1498	640	1596	1389	1532	2531	3140	1193	1858
<b>Heildarheimsóknir</b>	<b>8115</b>	<b>6081</b>	<b>6411</b>	<b>12768</b>	<b>9977</b>	<b>12159</b>	<b>13084</b>	<b>8059</b>	<b>9755</b>

\*ath ekki alveg samburðarhæfar tölur t.d. vegna mismunandi opnunartíma á þessum dögum, Covid faraldurinn skekkir samburðinn og World Class tölur vantar. Þess má geta að stærsti dagur ársins var Annar í Hvítasunnu með 27.400 heimsóknir á þessum fjórum árum.

Þar sem MÍR náði settum markmiðum á árinu 2023 hvað varðar hagræðingu í rekstri lauganna var uppleggið að ný tillaga fyrir opnun og opnunartíma lauga 2024 myndi skila tilætluðum árangri varðandi hagræðingu en einnig bæta þjónustu og ánægju gesta og starfsfólks með því að:

1. Samræma opnunartíma allra lauga á þeim rauðu dögum sem opið er á
  - a) Einfaldar kynningu.
  - b) Jafnræði milli hverfa borgarinnar.
  - c) Jafnar álag.

2. Lengja opnunartíma á stórhátíðum með breyttri útfærslu þar sem áfram verði aðeins einn dagur þar sem allar laugar eru lokaðar en breytingar verði gerðar á opnunartímum á öðrum rauðum dögum. Laugarnar verða opnaðar á mun fleiri dögum en áður en á móti kemur að opnunartími innan dagsins styttest í einhverjum tilvikum.
3. Lengja viðhaldslokun lauga um 3 daga (úr 5 dögum í 8)
  - a) Til að ná settum hagræðingarmarkmiðum
    - i. Það er mikil pressa á núverandi 5 daga viðhaldslokun og sá tími er oft of stuttur varðandi að klára nauðsynlegar viðgerðir, þrif og annað og tryggja endingu.
    - ii. Nýtist betur þar sem starfsfólk fer oft í fræðslu- og hópeflisferðir á þessum tíma. Starfsmenn nýta þessa 3 aukadaga til að innleysa uppsafnaðan frítökurétt vegna vinnu á rauðum dögum.
    - iii. Teljum þetta farsælla gagnvart almenning en að fara í frekari lokanir á laugum.

## Ný tillaga fyrir 2024

Eftirfarandi sviðsmynd fyrir opnun sundlauganna á rauðum dögum 2024 nær settum markmiðum eins og útlistuð hafa verið hér á undan samhliða lengingu á viðhaldslokun um 3 daga:

Opnunardagur sundlauga 2024	Grafarvogur	Dalslaug	Árbær	Breiðholtslaug	Laugardalur	Sundhöll	Vesturbær
<b>Rauðir dagar</b>							
Skírdagur	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Föstudagurinn langi		13:00-17:00	13:00-17:00		13:00-17:00	13:00-17:00	13:00-17:00
Páskadagur	13:00-17:00			13:00-17:00	13:00-17:00	13:00-17:00	13:00-17:00
Annar í páskum	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Sumardagurinn fyrsti	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Verkalýðsdagurinn	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Uppstigningardagur	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Hvítasunnudagur	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Annar í hvítasunnu	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Þjóðhátíðardagurinn	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Friðdagur Verslunarmanna	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Þorláksmessa (mánudagur)	06:30-18:00	06:30-18:00	06:30-18:00	06:30-18:00	06:30-18:00	06:30-18:00	06:30-18:00
Aðfangadagur jóla	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00
Jóladagur				Lokað			
Annar í jólum	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00	11:00-17:00
Gamlársdagur	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00	06:30-12:00
Nýársdagur 2025	13:00-17:00			13:00-17:00	13:00-17:00	13:00-17:00	13:00-17:00

## Áhrif breytinga af innleiðingu nýrrar tillögu:

Eftir rýni á nokkrum valkostum tillögum var niðurstaðan sú að leggja til ofangreinda tillögu að opnunartíma á rauðum dögum 2024, samhliða lengingu á viðhaldslokun um 3 daga. Þessi tillaga dreifir álagi jafnt á milli laugana og þannig er betur tryggt öryggi og gæði og ánægja gesta og starfsmanna í öllum laugum þegar þær eru opnar. Einnig skilar þessi tillaga verulegri þjónustuaukningu á rauðum dögum miðað við 2023. Þannig verður sem dæmi heildaropnun allra lauga 219 klst. jólin 2024 en var 93 klst. jólin 2023.

Áhrif á opnunartíma einstakra sundlauga á rauðum dögum verða eftirfarandi borið saman við opnunartíma 2023 :

- Grafarvogslaug Lokað í 2 daga árið 2024 borið saman við 13 daga árið 2023
- Dalslaug lokað í 3 daga árið 2024 borið saman við 13 daga árið 2023
- Árbæjarlaug lokað í 3 daga árið 2024 borið saman við 13 daga árið 2023
- Breiðholtslaug lokað í 2 daga árið 2024 borið saman við 13 daga árið 2023
- Laugardalslaug lokað í 1 dag eins og verið hefur
- Sundhöllin lokað í 1 dag árið 2024 borið saman við 9 daga árið 2023
- Vesturbæjarlaug lokað í 1 dag árið 2024 borið saman við 9 daga árið 2023

Heildarstundir miðað við opnunartíma á rauðum dögum :

heildarstundir opnar í öllum laugum			
	2023	tillaga 2024	% breyting 2023/2024
Jól	93	219	137%
Páskar	100	124	24%
<b>Alls rauðir dagar á árinu</b>	<b>389</b>	<b>638</b>	<b>64%</b>

Þessi tillaga ætti að skila sambærilegum árangri hvað varðar sett markmið um launakostnað sundlauganna 2024 miðað við 2023. Hvað tekjur varðar þá ættu þær að aukast þar sem að fjölgað verður verulega opunarstundum lauganna miðað við 2023 auk þess sem ekki eru líkur á því að lenda í eftirspurnarvanda, en á móti kemur að vissulega tapast einhverjar tekjur af lengri viðhaldslokun. Mikilvægt er að markaðssetja þessar breytingar tímanlega og rökstyðja.

Samantekt á kostnaðaráhrifum (laun):

Ár	2023	2024 tillaga
fjöldi vinnustunda mv opnunartíma á rauðum dögum	520,5	796,5
<b>Kostnaður rauðir dagar</b>	<b>26.664.174 kr</b>	<b>40.803.102 kr</b>
fjöldi stunda í 3 daga auka viðhaldslokun		283,5
<i>Sparnaður 3 daga auka viðhaldslokun</i>		- 14.155.722 kr
<b>Kostnaður rauðir dagar</b>	<b>26.664.174</b>	<b>26.647.380</b>
		<b>-0,1%</b>

HF/MÍR / 19.2.024